

15. gr.

Félög sem fengið hafa undanþágu frá stimplun samkvæmt 1. mgr. 14. gr. skulu tilgreina sérstaklega reiknað stimpilgjald á váttryggingarskírteini, fyrstu greiðslukvittun eða öðru skjali er váttrygginguna varðar. Félög þessi skulu haga bókhaldi sínu þannig að eftirlitsmenn með stimpilgjaldi geti ávallt gengið úr skugga um réttmæti stimpiljaldsskýrslna. Félögin skulu annað hvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á stimpiljaldsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á stimpiljaldsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

Félög sem heimild hafa til greiðslu stimpiljalds samkvæmt þessari grein skulu ótilkvödd greiða fyrir 10. hvers mánaðar til ríkisféhirðis stimpilgjald það er þau hafa innheimt í næstliðnum mánuði. Greiðslunni skal fylgja skýrsla á þar til gerðum eyðublöðum um stofn til útreiknings stimpiljalds.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 36 10. maí 1978 um stimpilgjald, öðlast gildi 1. júlí 1978. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 255 21. ágúst 1974.

Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 24. janúar 1978 um dómsmálagjöld o. fl.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 1 000 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 1 500 kr.

Fyrir áritun um heimildabrest o. fl. samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928 skal greiða 600 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottám lögræðissviptingar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 13. 5. maí 1978, öðlast gildi 1. júlí 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júní 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.